

UM HLJÓÐAAÐFERÐINA

Rannsóknir benda til þess að góð hljóðkerfisvitund og þekking barna á bókstöfum og hljóðum þeirra, áður en formlegt lestrarnám hefst, hafi mikið forspárgildi fyrir það hversu hratt og vel börn verða umskráningarfær (Muter, 2006). Einnig hefur verið bent á að sjálfvirk og fyrirhafnarlaus tenging allra bókstafstákna og viðeigandi hljóðs liggja til grundvallar góðri umskráningarfærni og því er mikilvægt að tryggja sé strax á fyrsta ári í lestrarkennslu, að því gefnu að barn hafi til þess forsendur, að barnið læri að tengja saman bókstaf og hljóð án umhugsunar – að það tileinki sér lögmál bókstafanna (the alphabetic principle). Hljóðaaðferðin er vel rannsökuð kennsluaðferð og almennt viðurkennt að hún sé skilvirkasta leiðin til að kenna umskráningu. Gildir þar einu hvort um er að ræða börn sem læra fyrirhafnarlítið að lesa eða börn með undirliggjandi veikleika. Í *Leið til læsis – handbók* hefur Helga Sigurmundsdóttir þýtt og staðfært góða lýsingu á þróun umskráningarfærinnar en góð þekking á þeirri þróun gerir kennurum auðveldara að meta hver umskráningarfærni barns er og skipuleggja áherslur í kennslu út frá því:

Þróun umskráningarfærni

1. Þekkir bókstaf út frá hljóði hans (getur bent á bókstafinn eða skrifað hann).
2. Þekkir hljóð út frá bókstaf (umskráning).
3. Skrifar stafi út frá hljóði til að stafsetja orð.
4. Tengir saman hljóð til að umskrá orð.
5. Les algeng orð með sjálfvirkum hætti (og, ekki, ég).
6. Hljóðar sig í gegnum stutt orð.
7. Umskráir tvíhljóð og samhljóðasambönd (sj-, kr- o.s.frv.).
8. Les reglubundin einsatkvæðisorð.
9. Stafsetur flest orð sem hann getur lesið út frá hljóðaaðferð.
10. Ber kennsl á/les orðbúta og endingar til að þekkja orð.
11. Stafsetur rétt algeng orð miðað við aldur.
12. Les samsett orð, úrfellingar eða brottföll hljóða, þ.e. aðlagar rithátt orða að framburði við lestur (t.d. orðin gang og nafn).
13. Les marg-atkvæðaorð.
14. Notar merkingu og setningaskipan til að staðfesta rétta umskráningu.
15. Stafsetur mörg orð út frá reglum um rithátt.
16. Les texta með eftir réttum áherslum og efni í samræmi við talmál.

(Helga Sigurmundsdóttir, 2011, bls. 88.)

Umskráning (hljóðtenging) og ritun (hljóðgreining) eru gagnvirk ferli, þ.e.a.s. þjálfun á öðru styrkir færni í hinu. Það er því mikilvægt að kennarar hugi að því að lestur og ritun séu þjálfuð jöfnum höndum því þannig styrkjast tengsl stafa og hljóða best. Styrkleikar eða veikleikar í umskráningu hjá barni birtast einna helst í ritun og því er mikilvægt að hvoru tveggja sé gefinn góður gaumur.

Meginmarkmið byrjendakennslu í lestri er að tryggja að öll börn hafi á valdi sínu algjörlega sjálfvirka þekkingu á bókstöfum ritmálsins og hljóðum þeirra. Við lok stafainnlagnar þurfa kennarar að kanna stöðu allra nemenda sinna til að kanna hvort þeir hafi þessa færni fullkomlega á valdi sínu. Á *Læsisvefnum* má finna *Stafakönnun* sem kennarar geta notað til að meta stafabekkingu nemenda sinna og brugðist við með markvissum hætti ef tenging allra bókstafa og hljóða er ekki orðin fullkomlega sjálfvirk. Á *Læsisvefnum* er einnig að finna verkefnið *Stafastund* sem nota má til styrkja tengsl bókstafs og hljóðs í skólastarfi eða í samstarfi við heimili.

Heimildaskrá

Helga Sigurmundsdóttir (2011). Að þjálfna færni í umskráningu. Í Steinunn Torfadóttir (ritstj.), *Leið til læsis: Handbók* (bls. 85-92). Reykjavík: Námsmatsstofnun og Háskóli Íslands.

Muter, V. (2006). The prediction and screening of children's reading difficulties. Í M. J. Snowling og J. Stackhouse. *Dyslexia speech and language: A practitioner's handbook*. (2. útgáfa, bls. 54-73). London: Whurr Publishers.

Simmons, D. C. og Kameónui, E. J. (1999). Curriculum maps: Mapping instruction to achieve instructional priorities in beginning reading, kindergarten-grade 3. <http://reading.uoregon.edu/appendices.maps.php>.

Walpole, S. og McKenna, M. C. (2007). *Differentiated reading instruction: Strategies for the primary grades*. New York: The Guilford Press.